Ég byrja á því að lagfæra gamla staðfangið. Með því að færa músina yfir ólíka dálka Staðgreinisins fást upplýsingar um hvaða eigind á heima hvar. Húsnúmerið „2“ er þegar í húsnúmeradálkinum og ég slæ inn „B“ í bókstafsdálkinn. Svo er smellt á hnappinn „Vista“.

Mynd 22 - Stofnupplýsingar: Heiti

Staðfangið hefur nú uppfærst og birtist í glugganum hægra megin. Glugginn neðst sýnir hnitagildi staðfangsins. Smellt er á hnappinn „Opna“ og staðsetningin yfirfarin í kortaviðmótinu → sjá kafla 5.7.

Mynd 23 – Yfirferð/lagfæring staðfangs

Þegar yfirferð hnitsins er lokið er komið að því að búa til nýja staðfangið. Smellt er á hnappinn „Nýtt staðfang“.

Mynd 24 – Nýtt staðfang

Sveitarfélag: 600001 Akureyri  
Hverfi: 9262

Staðfang  
Auðkenni: 1056303 Heiti: Aðalstræti 2B  
Staðvísir: Aðalstræti Breyta staðvísium  
Staðgreinir: 2 B  
Skýringar: 1: Götuhéiti  
Sérheiti:  
Þjóðskrárnúmer: 00310020

A	Auðkenni	Staðfang
✓	1056303	Aðalstræti 2B

Hnit

Austur(X)	Norður(Y)	Tegund	Kort	Athugasemd
541968,0	575283,0	Inngangur mannvirk	Opna	

Nýtt staðfang Vista Eyða

Landeign Heiti Eigendur  
Eyða stofnhl. < Fyrri Næsta > Staðfesta Til baka

Allir dálkar tæmast, nema gert er ráð fyrir að nota eigi sama *Staðvísi*. Fyllt er inn í húsnúmera- og bókstafadálk *Staðgreinisins* og smellt á hnappinn „Vista“. Staðfangið birtist í glugganum hægra megin, og eru staðföngin innan þessarar landeignar nú tvö talsins.

Mynd 25 – Staðfang valið til vinnslu

Sveitarfélag: 600001 Akureyri  
Hverfi: 9262

Staðfang  
Auðkenni: 1056303 Heiti: Aðalstræti 2A  
Staðvísir: Aðalstræti Breyta staðvísium  
Staðgreinir: 2 A  
Skýringar: 1: Götuhéiti  
Sérheiti:  
Þjóðskrárnúmer: 00310020

A	Auðkenni	Staðfang
✓	1056303	Aðalstræti 2A
✗	1160102	Aðalstræti 2B

Nýtt staðfang Vista Eyða

Hnit

Austur(X)	Norður(Y)	Tegund	Kort	Athugasemd
541967,6	575282,9	Inngangur mannvirk	Opna	

Alt+d til að eyða hnit

Landeign Heiti Eigendur  
Eyða stofnhl. < Fyrri Næsta > Staðfesta Til baka

Það staðfang sem vinna á með hverju sinni er auðkennt með þykum, svörtum ramma. Valið er með því að tvísmella á staðfangið. Hægt er að eyða staðfangi með því að velja það og smella á hnappinn „Eyða“.

Ekki er hægt að eyða staðföngum sem merkt eru sem „aðalstaðföng“ → sjá neðar. Eitt staðfang þarf alltaf að standa eftir á hverri landeign.

Ef breyta á skráningareigindum staðfang eða eyða staðfangi þarf að velja það fyrst með því að tvísmella á það.

Færa þarf inn hnit fyrir nýja staðfangið. Smellt er á hnappinn „Opna“ og kortaviðmótið opnast → sjá kafla 5.7.

Að lokum þarf að velja aðalstaðfang landeignarinnar, þ.e. að ákvarða hvort staðfanganna á að erfast sem auðkennisheiti landeignarinnar. Það er gert með því að haka með rauðu í boxið fyrir framan það.

Mynd 26 – Aðalstaðfang valið: auðkennir landeign

Breyta landeign 146962

Sveitarfélag 600001 Akureyri  
Hverfi 9262

Staðfang

Auðkenni 1160102 Heiti Aðalstræti 2B

Staðvísir Aðalstræti Breyta staðvísium

Staðgreinir 2 B

Skýringar 1: Götuheiti

Sérheiti

Þjóðskrárnúmer

A	Auðkenni	Staðfang
<input checked="" type="checkbox"/>	1056303	Aðalstræti 2
<input type="checkbox"/>	1160102	Aðalstræti 2B

Nýtt staðfang Vista Eyða

Hnit

Austur(X)	Norður(Y)	Teqund	Kort	Athugasemd
			Opna	

Landeign Heiti Eigendur

Eyða stofnhl. < Fyrri Næsta > Staðfesta Til baka

## 5.9 Tengja staðfang nýjum staðvísi

Þegar skrá á nýtt staðfang getur verið að sá staðvísir sem nota á sé einfaldlega ekki kominn á skrá í viðkomandi hverfi.

Tökum aftur sama dæmi, en að þessu sinni er skipulagður nýr götustubbur og nýja staðfangið tengt við hann. Eignin er tekin í vinnugrunn líkt og áður, smellt á hnappinn „Stofnupplýsingar“. Þá er flipinn „Heiti“ valinn. Smellt er á hnappinn „Nýtt staðfang“.

Mynd 27 – Nýtt staðfang

The screenshot shows a software interface for managing land parcels. The window title is "Breyta landeign 146962". The interface includes several input fields and a table.

Input fields:

- Sveitarfélag: 600001 (Akureyri)
- Hverfi: 9262
- Staðfang: 1056303
- Heiti: Aðalstræti 2
- Staðvísir: Aðalstræti (dropdown menu)
- Staðgreinir: 2
- Skýringar: 1: Götuheiti
- Sérheiti: (empty)
- Þjóðskrárnúmer: 00310020

Buttons: "Nýtt staðfang" (circled in blue), "Vista", "Eyða".

Table (Hnit):


Austur(X)	Norður(Y)	Tegund	Kort	Athugasemd
541967,6	575282,9	Inngangur mannvirk	Opna	

Bottom navigation: "Landeign", "Heiti", "Eigendur", "Eyða stofnhl.", "< Fyrri", "Næsta >", "Staðfesta", "Til baka".

Upp koma tómir dálkar í *Staðgreini* og hnitaupplýsingum. Kerfið gerir ráð fyrir að tengt sé við sama *Staðvísi* og því þarf að breyta. Ef *Staðvísirinn* sem á að nota er til á skrá (t.d. gata sem þegar er til) er hægt að finna hann í fellilistanum.


Ef búa á til alveg nýjan *Staðvísi* er smellt á hnappinn „Breyta staðvísunum“. Þar er einnig hægt að lagfæra *Staðvísa* sem þegar eru til.

Mynd 28 – Breyta staðvísunum



Smellt er á hnappinn „Nýr staðvísir“. Fyllt er inn í tómu dálkana sem nú birtast hægra megin. Tegund er valin fyrir *Staðvísinn* (Götuheiti, bæjarheiti eða staðarheiti) úr fellilistanum. Fyllt er inni öll föll, viðskeyti og stytt heiti ef það á við.

Mynd 29 – Breyta staðvísunum: Nýr staðvísir búinn til eða eldri breytt



Að lokum er smellt á hnappinn „Staðfesta“ og nýr *Staðvísir* er þá tilbúinn.

Til að nota nýja *Staðvísinn* sem við vorum að búa til þarf að fara aftur í flipann „Heiti“ með því að smella á „Til baka“. Núna er hægt að finna nýja staðvísinn í fellilistanum þar.

Mynd 30 – Nýtt staðfang vistað

The screenshot shows a software window titled "Breyta landeign 146962". It contains several input fields and a table. The "Sveitarfélag" field is set to "600001" and "Akureyri". The "Hverfi" field is set to "9262". The "Staðfang" section has a dropdown menu with "Aðalstræti" selected. A table on the right shows a list of parcels with columns "A", "Auðkenni", and "Staðfang". The "Vista" button is circled in blue.

A	Auðkenni	Staðfang
<input checked="" type="checkbox"/>	1056303	Aðalstræti 2

Upplýsingar í staðgreini eru færðar inn líkt og áður og smelt á hnappinn „Vista“. Þegar búið er að vista birtist nýja staðfangið í glugganum hægra megin. Hægt er að velja það með því að tvísmella og búa til hnit fyrir það með því að velja „Opna“ í hnitaglugganum → sjá kafla 5.7.

## 5.10 Staðfesta breytta skráningu stofnupplýsinga

Þegar öllum breytingum er lokið þarf að staðfesta þær endanlega áður en hægt er að afhenda skráninguna.

Við erum stödd í valmyndinni „Breyta landeign ...“ þar sem við höfum flipana „Landeign“, „Heiti“ og „Eigendur“. Smellt er beint á flipann „Eigendur“ eða á hnappinn „Næsta“. Eigendaupplýsingar eru uppfærðar ef þörf er á og tegund landeignenda og umráðanda valin af fellilistum. Breytingin er svo staðfest með því að smella á hnappinn „Staðfesta“.

*Mynd 31 – Breytt/Ný skráning staðfest*

The screenshot shows a web interface for editing land registration data. At the top, there is a large empty text input field. Below it, the label 'Landeigandi' is followed by a dropdown menu currently showing '1: Einstaklingur'. To the right of this is an 'Eyða' button. Below these elements is a horizontal navigation bar with three tabs: 'Landeign', 'Heiti', and 'Eigendur'. Underneath the tabs are several buttons: 'Eyða stofnhl.', '< Fyrri', 'Næsta >', 'Staðfesta', and 'Til baka'. The 'Staðfesta' button is highlighted with a blue circle.

Þá er breytingin staðfest í vinnugrunni og tilbúin til afhendingar → sjá kafla 7.

## 6 Skráning landeigna

Áður en ný landeign er skráð þarf heiti að minnsta kosti eins staðfangs sem innan hennar verður að liggja fyrir. Nýjar landeignir eru nú tengdar staðföngum strax við stofnun.

Hér verður farið yfir hvernig framkvæma má lykilaðgerðir í landeignaskráningu í skráningarforritinu Bygging. Nánari upplýsingar um forvinnu, gögn, aðferðir og verklag við skráningu landeigna er svo að finna í leiðbeiningum á vef okkar skra.is . Þar má finna raunveruleg dæmi um úrlausn mála við ákveðnar aðstæður.

Þó svo að ólík mál kalli á ólíka úrlausn, er framkvæmd skráningar í kerfinu iðulega með sama hætti. Skráning landeigna fer öll fram í valmyndinni „Breyta landeign“ sem opnast með því að taka eign í vinnugrunn og smella á hnappinn „Stofnuppl.“. Unnið er í þrem flípum; Landeign, Heiti og Eigendur.

Mynd 32 – Skráning landeigna: Breyta landeign

The screenshot shows a web form titled "Breyta landeign 102584". The form contains the following fields and controls:

- Landeignarnúmer:** 102584 (with buttons for "Uppruni" and "Úrtekið")
- Skráð:** 1.1.1977 af 0
- Sveitarfélag:** 0000-01 Reykjavík
- Breytt:** 01/02/2017 0 af 233
- Hverfi:** 9001
- Lóðarnúmer:** 1195104
- Notkun:** íbúðarhúsalóð (with a dropdown menu)
- Texti:** íbúðarhúsalóð
- Gerð landeignar:** L: Lóð (dropdown menu)
- Flatarmál:** 459,0 (with radio buttons for "Fermetrar" and "Hektarar")
- Skráningaraðili:** 1401 Inga Elísabet Vésteinsdóttir
- Nýtingarhlutfall:** 0,0000

At the bottom of the form, there are two buttons: "Stofna landeign/ir úr þessari" and "Sameina landeignir". Below these are three tabs: "Landeign", "Heiti", and "Eigendur", which are circled in blue. At the very bottom, there are four navigation buttons: "< Fyrri", "Næsta >", "Staðfesta", and "Til baka".



## 6.1 Um lóðarnúmer (áður greinitala) og þjóðskrárnúmer

Lóðar og þjóðskrárnúmer (staðgreinar) hafa verið notuð á afar ólíkan hátt milli sveitarfélaga og eru þeim mismikilvæg. Því var sú ákvörðun tekin að krefjast ekki lengur þessara númera við skráningu landeigna.

Skráning greinitölu og þjóðskrárnúmera er nú valkvæm, og hverju sveitarfélagi er í sjálfvald sett hvort skráningunni er haldið við eða ekki. Röðun á lista er ekki lengur bundin við þessi númer heldur er hægt að raða listum í Bygging eftir hvaða skráningareigind sem er, t.d. í stafrófsröð götuheita.

Fyrir þá sem vilja halda skráningunni áfram hefur eftirfarandi regla verið viðhöfð við skráningu talnarunnar:

Fyrstu fjórir stafir: Sveitarfélagsnúmer

Næstu tveir stafir: Byggð

Næstu fjórir stafir: Götunúmer (byggir á stafrófsröð götuheita innan sveitarfélags)

Næstu þrjú stafir: Húsnúmer

Síðasti stafurinn: Bókstafur (1 tákna A, 2 tákna B o.s.frv.)

Lóðarnúmerið: 6000-01 00310122 tákna því

Sveitarfélag	Byggð	Gata	Húsnúmer	Bókstafur
6000	01	0031	012	2
Akureyri	Byggð 01	Gata 0031	Húsnúmer 12	B

Sem útleggst sem: Akureyri – byggð 01 – Aðalstræti 12B

Þjóðskrárnúmer voru byggð upp með sama hætti, nema hvað að stundum voru inngangar auðkenndir þar umfram það sem staðgreinir landeignarinnar var fær um. Þannig var hægt að auðkenna innganga A og B þó svo að landeignin sem slík væri ein og hin sama.

Taka skal fram að staðföng sinna nú sama hlutverki og greinitölur. Þau hafa þann augljósa kost framyfir að þau innihalda hnitsetta staðsetningu, auk þess sem skráning þeirra gefur kost á mun meiri fjölbreytni. Til að mynda takmarkast lóðanúmerakerfið við bókstafina A – I þar sem aðeins er gert ráð fyrir 9 ólíkum gildum. Heiti staðfanga má setja saman hvernig sem er og eru þau alltaf tengd götum, byggðum og sveitarfélögum.

## 6.2 Nýskráning landeigna – uppskipting

Nýjar landeignir hafa alltaf upprunaland. Stofnun nýrrar landeignar felur því í sér uppskiptingu landeignar sem þegar er skráð í fasteignaskrá.

Fyrsta skrefið við uppskiptingu er að finna upprunalandið. Hægt er að leita eftir heiti, lóðarnúmeri (gömlu greinitölu), fasteignarnúmeri eða landeignarnúmeri í upphafsmynd Byggingar. Smellt er á „Velja“. Í næstu mynd er tvísmellt á eignina eða smellt á “Matshlutar” og eignin tekin í vinnugrunn.

Ef eignin er þegar í vinnugrunni dugar að hægrismella á hana og velja „Breyta landeign“.

Mynd 33 – Eign tekin í vinnugrunn í þeim tilgangi að skipta henni upp

Mhlr	Notkun/heiti	Efi	T	Dags	Br.m <sup>2</sup>	Skiptitala	% í landeign	Aðf.
01	Sambýlishús	3	M	23/01/1986	792,7	0	100,0000	1

Þá breytist valmyndin þannig að fleiri möguleikar birtast neðst í myndinni. Smellt á “Stofnupplýsingar”:

Mynd 34 – Velja stofnupplýsingar til að stofna nýja landeign úr þessari

Mhlr	Notkun/heiti	Efi	T	Dags	Br.m <sup>2</sup>	Skiptitala	% í landeign	Aðf.
01	Sambýlishús	3	M	23/01/1986	792,7	0	100,0000	1

Þá kemur upp valmyndin “Breyta landeign” þar sem sjá má skráningarupplýsingar um landeignina sjálfa og eiga við skráningu hennar. Gott er að skoða þessar upplýsingar vel og lagfæra áður en nýja landeignin er skráð.

Hnappurinn “Uppruni” veitir upplýsingar um uppruna þessarar landeignar og hnappurinn “Úrtekið” listar þær landeignir sem þegar hefur verið skipt út úr þessari. Sagan nær þó aðeins aftur til ársins 2001.

Að lokinni yfirferð er smeltt á hnappinn “Stofna landeign/ir úr þessari”

Mynd 35 – Stofna landeign/ir úr þessari

Upp kemur valmyndin „Stofna landeignir”. Fyrst eru eftirfarandi upplýsingar slegnar inn eða valdar af lista:

Svfn og Byggð	Hægt er að skipta um byggð með því að smella á dálkinn með sveitarfélags- og byggðarnúmerinu og slá inn „?”. Upp kemur listi yfir allar byggðir sveitarfélagsins. Athugið að <i>Staðvísar</i> eru tengdir byggðum og því þarf byggðin að vera rétt.
Notkun	Listi yfir mögulega notkun birtist ef sá dálkur er valinn og slegið inn „?”.
Gerð	Gildi valið úr fellilista.
Flatarmál	Flatarmál er slegið inn og við staðfestingu dregst það sjálfkrafa frá flatarmáli upprunalands (sé það skráð). Forðast skal að minnka nákvæmni stærðarskráningar með námundun.
Eining	Gildi valið úr fellilista. Nota fermetra eftir fremsta megni. Hektara skal ekki nota nema landstærð fari yfir 10ha.
Lóðarnúmer	Lóðarnúmer er slegið inn ef vilji er til að nota það, en skilið eftir autt annars.
Nýtingarhlutfall	Fyllt inn ef upplýsingar liggja fyrir.
Gjaldtaka	Upplýsingar fyrir álagningu sveitarfélaga.
Skýring	Eftir þörfum.

Smellt er á grúa kassann „Heiti landeignar“.

Mynd 36 – Landeign/ir sem stofna á skilgreindar

Svfn	Heiti	Notkun	Gerð	Flatarmál	Eining	Lóðarnúmer	Nýtingarlutf	Hnit staðfangs	Gjaldtaka	Skýring
6000-01	Aðalstræti 2	10 L: Lóð		714,00	m <sup>2</sup>	00310020	0,0000	Hnit staðfangs	Já	
6000-01	Heiti landeignar	10 L: Lóð			m <sup>2</sup>			Hnit staðfangs	Já	

Upp kemur valmynd þar sem heiti landeignar er sett saman úr *Staðvísi*, *Staðgreini* og lýsingu/viðskeyti eftir þörfum. Sjálfvalinn er sá *Staðvísir* sem upprunalandið er tengt.

Mynd 37 – Heiti landeignar

Staðvísir \* Aðalstræti Breyta staðvísum

Staðgreinir \* [ ] [ ]

Lýsing/viðskeyti [ ]

Ath. að ef landeign á að hafa marga staðvísa (mörg númer) byrjið þá á að setja inn lægsta hér

Svið merkt með \* verður að fylla út

Staðfesta Hætta við


Ef ætlunin er að búa til fleiri en eitt staðfang á landeigninni (t.d. ef á að reisa þar fjölbýlishús) er sá *Staðgreinir* sem er lægstur af tilvondandi *Staðgreinum* skráður hér. Fleiri heitum er svo bætt við á seinni stigum skráningar.

Hér verður farið í gegnum þrjú ólík tilfelli við skráningu; a), b) og c):

a) Ný landeign tengd sama staðvísi og upprunaland

Sá *Staðvísir* sem við ætlum að nota er nú þegar valinn og við skráum einfaldlega *Staðgreini* sem við á. Smellt er á hnappinn „Staðfesta“.

Mynd 38 – Heiti landeignar tengt sama staðvísi og heiti á upprunalandi




The screenshot shows a dialog box titled "Heiti landeignar". It contains the following fields and controls:

- Staðvísir**: A dropdown menu with "Aðalstræti" selected. A "Breyta staðvísium" button is to its right.
- Staðgreinir**: A text input field containing "2" and "C".
- Lýsing/viðskeyti**: An empty text input field.
- Instructions**: "Ath. að ef landeign á að hafa marga staðvísa (mörg númer) byrjið þá á að setja inn lágsta hér".
- Buttons**: "Svið merkt með \* verður að fylla út" (disabled), "Staðfesta" (circled in blue), and "Hætta við".

b) Ný landeign tengd öðrum skráðum staðvísi en upprunalandið

*Staðvísir* upprunalandsins er sjálfvalinn, en við viljum velja nýjan. Sá *Staðvísir* sem við ætlum að nota er til á skrá og við getum fundið hann í fellilistanum.

Mynd 39 – Staðvísir sem þegar er til á skrá valinn



The screenshot shows the same "Heiti landeignar" dialog box, but with a dropdown menu open for the "Staðvísir" field. The menu lists the following options:

- Aðalstræti
- Bakkahlíð
- Bakkasíða
- Baldursnes
- Bandagerði (highlighted)
- Barðstún
- Barmahlíð
- Barrlundur
- Baugatún

The "Staðfesta" button is visible at the bottom of the dialog.

Viðeigandi *Staðgreinir* er færður inn og smellt á hnappinn „Staðfesta“.

c) Ný landeign tengd staðvísi sem ekki er þegar til á skrá

*Staðvísir* upprunalandins er sjálfvalinn, en við viljum velja nýjan staðvísi sem er ekki til á skrá. Við búum hann til frá grunni með því að smella á hnappinn „Breyta staðvísunum“.

Mynd 40 - „Breyta staðvísunum“: Nýr staðvísir skráður

Heiti landeignar

Staðvísir \* Áðalstræti

Staðgreinir \* [ ]

Lýsing/viðskeyti [ ]

Ath. að ef landeign á að hafa marga staðvísa (mörg númer) byrjið þá á að setja inn lægsta hér

**Svið merkt með \* verður að fylla út**

Staðfesta Hætta við

Upp kemur valmyndin „Skráning staðvísis“. Smellt er á hnappinn „Nýr staðvísir“ og fyllt inn í viðeigandi dálka → sjá kafla 5.1 og 5.2.

Mynd 41 – Valmyndin „Skráning staðvísis“

Skráning staðvísis

Hverfi Sveitarfélag 6000-01

Hverfi 9262

Leit [ ]

Staðvísar	Auðkenni	Heiti	rómv	viðskeyti
21344		Hlíðarbraut		
21345		Hlíðargata		
21346		Hlíðarholt		
21347		Hlíðarlundur		
21348		Höfubót		
21349		Holtagata		
21350		Holtateigur		
21351		Hólabraut		
21352		Hólatún		
21353		Hólmatún		
21354		Hólsgerði		
21355		Hrafnabjörg		
21356		Hrafnagilsstræti		
21357		Hraungerði		
21358		Hraunholt		
21359		Hringteigur		
21360		Hrísalundur		
21361		Hrísalundur 2-4-6-8		
21362		Hrísseyjargata		

Staðvísir

Auðkenni [ ] 0

Tegund 1: Götuheiti

Neðrifall Kvennaslóð

Pólfall Kvennaslóð

Þágufall Kvennaslóð

Eignarfall Kvennaslóðar

Rómv. númer [ ]

Viðskeyti [ ]

Stytt heiti (nf) Kvennaslóð


Fjöldi skráðra staðfanga [ ] 0

Nýr staðvísir Eyða Staðfesta

Til baka

Þegar innslætti er lokið er smellt á hnappinn „Staðfesta“. Þá fær *Staðvísirinn* úthlutað auðkenni sem birtist nú þar sem áður stóð „0“. Smellt er á hnappinn „Til baka“.

Hinn nýskráði *Staðvísir* er nú sjálfvalinn og fyllt er inni *Staðgreininn* eins og við á. Smellt á hnappinn „Staðfesta“.




Sama hvaða leið var farin a), b) eða c) er komið til baka í valmyndina „Stofna landeignir úr ...“. Ef allt er eins og það á að vera er smellt aftur á hnappinn „Staðfesta“.

Ekki er hægt að skrá hnit staðfangs fyrr en búið er að staðfesta og tveir fremstu dálkarnir í valmyndinni orðnir gulir.

Hnit er skráð með því að smella á „Hnit staðfangs“. Upp kemur valmyndin „Skráning staðfanga fyrir (heiti)“.

Mynd 42 – Skráning staðfanga á nýja landeign: Hnit staðfangs



Smellt er á hnappinn „Opna kortaglugga“ → sjá kafla 5.7.

Ekki er nauðsynlegt að staðsetja hnit á þessum tímamarki þar sem einnig er hægt að nálgast kortagluggann með því að opna nýju eignina aftur úr vinnugrunni og staðsetja hnit þar í flípanum „Heiti“.

Úr kortaviðmótinu er komið er til baka í „Skráning staðfanga fyrir (heiti)“ og athugasemdir (t.d. heimildir fyrir staðsetningu) eru færðar inn.

Mynd 43 – Athugasemd við hnit færðar inn

Skráning staðfanga fyrir (Kvennaslóð 2)

Hnit staðfangs **Austur (X)** 541965

**Norður (Y)** 575263

Tegund staðfangs 3 Aðkoma landeignar

Athugasemd skv. mæliblaði

Opna kortaglugga **Staðfesta** Hætta við

Svo er smellt á „Staðfesta“. Fyrri valmynd opnast aftur og dálkurinn „Hnit staðfangs“ er orðinn grænn. Þá veljum við aftur „Staðfesta“ og landeignin er þá tilbúin í vinnugrunni til frekari vinnslu eða afhendingar → sjá kafla 7

Við staðfestingu verður til yfirlit yfir skráðar landeignir. Hægt er að prenta það út eða vista á drifi í tölvu notanda. Til þess er smellt á hnappinn "PDF".

Hægt er að nálgast uppfært yfirlit ef fleiri landeignir eru skráðar úr sama upprunalandi með því að smella á hnappinn „Yfirlit“. Því er engin þörf á að halda utanum nema það yfirlit sem birtir lokaniðurstöðu.

Mynd 44 – Fá fram yfirlit um skráðar landeignir

Stofna landeignir úr landeign nr 146962

Sveitarfélag og byggð 6000-01 Akureyri Stærð upprunalandeignar eftir úrtöku: 514 m<sup>2</sup> Málsnúmer: 2768

Lnr	Heinum	Svfn	Heiti	Notkun	Gerð	Flatarmál	Eining	Lóðarnúmer	Nýtingarhlutf	Hnit staðfangs	Gjal
1056303	146962	6000-01	Aðalstræti 2	10 L: Lóð		714,00 m <sup>2</sup>		00310020	0,0000	Hnit staðfangs	Já
224922	1160403	6000-01	Kvennaslóð 2	10 L: Lóð		200,00 m <sup>2</sup>			0,1000		Já

Til að fá nýja línu ýtið á píla niður eða tab út línuna.

Yfirlit Staðfesta Til baka



### 6.3 Fleiri en ein landeign stofnuð úr sama upprunalandi

Ef stofna á fleiri en eina landeign úr sama upprunalandi er hægt að stofna þær allar í sömu aðgerð. Aðferðin er sú sama og við skráningu einnar landeignar en bætt er við fleiri línnum með því að slá inn ↓ takkann á lykklaborðinu í valmyndinni „Stofna landeignir úr landeignarnúmer“.

Mynd 45 – Fleiri landeignir skráðar í sömu aðgerð

Lnr	Heinum	Svfn	Heiti	Notkun	Gerð	Flatarmál	Eining	Lóðarnúmer	Nöfnqarhlutf	Hnit staðfangs	Gjal
1056303	146962	6000-01	Aðalstræti 2	10 L: Lóð		714,00 m <sup>2</sup>		00310020	0,0000	Hnit staðfangs	Já
224922	1160403	6000-01	Kvennaslóð 2	10 L: Lóð		200,00 m <sup>2</sup>			0,1000	Hnit staðfangs	Já
		6000-01	Heiti landeignar	10 L: Lóð		m <sup>2</sup>				Hnit staðfangs	Já
		6000-01	Heiti landeignar	10 L: Lóð		m <sup>2</sup>				Hnit staðfangs	Já

Fyllt er inn í upplýsingar á sama hátt og fyrri landeign og svo smellt á hnappinn „Staðfesta“. Allar landeignirnar, ásamt upprunalandinu, eru þá komnar saman í hóp og tilbúnar í vinnugrunni til frekari vinnslu eða afhendingar → sjá kafla 7.

### 6.4 Fjölgun staðfanga á nýskráðri landeign

Í mörgum tilfellum á við að skrá fleiri en eitt staðfang á landeign sem verið er að skrá í fyrsta skipti. Gott dæmi er raðhús stendur á einni landeign. Í upphafi skráningar er aðeins skráð staðfangið sem hefur lægsta húsnúmerið. Til þess að bæta fleirum við er nýja landeignin fundin í vinnugögnum (hún varð til þar um leið og þú staðfestir skráninguna í fyrra skrefi).

Mynd 46 – Ný landeign í vinnugögnum

Svfnb	Sveitarfélag	Lnr	Heiti	Hópur	G	Flatarmál	Ein	Nöfnqarhlutf	Noti	Notkun	Lóðarnúmer	Mat	Athent	FI	Aðh
6000-01	Akureyri	146962	Aðalstræti 2	41893	L	514,0 m <sup>2</sup>	0,0000	10	Ibúðarhúsalóð		00310020	5,860	2017/01/26		
6000-01	Akureyri	224922	Kvennaslóð 2	41893	L	200,0 m <sup>2</sup>	0,1000	10	Ibúðarhúsalóð			4,480	2017/01/26	NYL	

Tvísmellt er á eignina og smellt á hnappinn „Vinnugrunnur“. Til að opna viðeigandi valmyndir er smellt á hnappinn „Stofnupplýsingar“.

Kunnugleg valmynd opnast og ferlið er nú hið sama og í kaflanum um Fjölgun/fækkun staðfanga á landeign → sjá kafla 5.7

## 6.5 Sameining landeigna

Ef sameina á tvær eða fleiri landeignir má líta svo á að ein landeign standi eftir og hinar hverfi inni hana. Sú eign sem stendur eftir getur þó að sjálfsögðu fengið nýtt heiti sé þess óskað og unnt er að breyta högun staðfanga að vild.

Áður en landeignir eru sameinaðar þarf að færa allar eignir (fastanúmer) á þá landeign sem standa á eftir þegar sameining er yfirstaðin. Eyða getur þurft landréttindum eða mannvirkjum sem hafa verið rifin.

Byrjað er á því að finna þá landeign sem standa á eftir og taka hana í vinnugrunn. Hún er tekin til vinnslu og smellt á hnappinn „Stofnupplýsingar“.

Mynd 47 - Stofnupplýsingar

Mhlfr	Notkun/heiti	Efi	T	Dags	Br.m²	Skiptitala	% í landeign	Áæf.
01	íbúð/verslun	3	M	15/01/1992	954,0	0	0,0000	0

Smellt er á hnappinn „Sameina landeignir“.

Mynd 48 – Sameina landeignir

Breyta landeign 146964

Landeignarnúmer: 146964 Uppruni Úrtekið

Skráð: 28.2.1994 af 130

Sveitarfélag: 6000-01 Akureyri Breytt: 29/09/2004 1 af 0

Hverfi: 9262

Lóðarnúmer: 00310030

Notkun: 10 Íbúðarhúsalóð

Texti: Íbúðarhúsalóð

Gerð landeignar: L: Lóð

Flatarmál: 564,5 Ferketnar Hektarar

Skráningaraðili: 1401 Inga Elísabet Vésteinsdóttir

Nýtingarhlutfall: 0,0000

Stofna landeign/ir úr þessari Sameina landeignir

Landeign Heiti Eigendur

Eyða stofnhl. Úthluta(0) < Fyrri Næsta > Staðfesta Til baka

Þá opnast valmyndin „Samruni landeigna“. Hérna bætum við nýrri línu með því að velja fyrstu línuna og ýta svo á ↓ á lykilorðinu.

Smellt er á hnappinn „Velja fleiri“.

Mynd 49 – Valmyndin „Samruni landeigna

Samruni landeigna

Veljið þær landeignir sem sameina á

Stendur eftir	Lnr	Heiti	Stærð	Eining
<input type="checkbox"/>	146964	Aðalstræti 3	564,50	m²

Velja fleiri

Þær landeignir sem ekki á að halda verða merktar til eyðingar. Ath að eignir sem eru á lóðum sem á að eyða þurfa að flytjast eða eyðast áður en þessi aðgerð er framkvæmd. Til að fá nýja línu ýtið á píluna niður eða tab út línuna.

Staðfesta Til baka

Líklegt er að landeignin sem fella á inní þessa sé núþegar í vinnugrunni þínu, þar sem eyða þurfti matshlutum af henni fyrir sameininguna. Þá er landeignin einfaldlega sótt í vinnugrunninn með því að smella á hnappinn „Vinnugögn“.

Að öðrum kosti er hægt að leita eftir landeigninni á sama hátt og væri verið að taka landeignina í vinnugrunn.

Mynd 50 – Samruni landeigna: Leit að landeign til samruna

Bygging - skráningarkerfi  
**Þjóðskrá Íslands**

Heiti

Greinitölur

Fastanúmer

Mynd 51 – Samruni landeigna: Landeign valin til samruna


Heiti fasteigna

Leita eftir

Heiti	Sveitarfélag	Landnr
Aðalstræti 1	Akureyri	146961
Aðalstræti 2	Akureyri	146962
Aðalstræti 2B	Akureyri	146963
Aðalstræti 3	Akureyri	146964
Aðalstræti 4	Akureyri	146965
Aðalstræti 5	Akureyri	146967
Aðalstræti 6	Akureyri	146968
Aðalstræti 7	Akureyri	146969
Aðalstræti 8	Akureyri	146970
Aðalstræti 9	Akureyri	146971
Aðalstræti 10	Akureyri	146972
Aðalstræti 12	Akureyri	146973
Aðalstræti 12b	Akureyri	212175
Aðalstræti 13	Akureyri	146975
Aðalstræti 14	Akureyri	146977


Tvísmellt á landeignina og kerfið spyr þá hvort taka eigi landeignina í vinnugrunn. Smellt er á „Já“.

Mynd 52 – Landeign tekin í vinnugrunn til samruna



Eignin birtist á listanum í valmyndinni „Samruni eigna“. Merkja þarf þá eign sem standa á eftir (það landeignarnúmer sem á að auðkenna sameinuðu eignina) með því að haka í kassann fyrir framan eignina í listanum. Svo er smellt á hnappinn „Staðfesta“.

Mynd 53 - Hakað við þá landeign sem standa á eftir við samruna



Upp kemur yfirlit fyrir sameininguna sem hægt er að vista eða prenta út.

Sameiningin er nú tilbúin í vinnugrunninum þínum til afhendingar → sjá kafla 7.

## 6.6 Eigendur landeigna

Áður en nýjar landeignir eru staðfestar þarf að yfirfara eigendaupplýsingar þeirra. Þessar upplýsingar eru notaðar í álagningarkerfi sveitarfélaganna og því mikilvægt að halda þeim við.

Eignin er valin í vinnugrunni og smellt á „Stofnupplýsingar“.

Mynd 54 - Eigendaflipi

Skrá skal þriggja stafa raðnúmer eiganda í fyrsta dálkinn, þá kennitölu og eignarhlutfall viðkomandi.

Eignr	Kennitala	Nafn	Eignahlíf	Heim	Kaupdags.	Flutn.dags.	Skrán.dags.
001	410169-6229	Akureyrarkaupstaður	100,0000				26/01/2017
002	410169-6229	Akureyrarkaupstaður	100,0000				26/01/2017

Landeigandi: 3: Sveitarfélög  
Umráðandi: 1: Leigjandi einstakl.

Eyða

Landeign Heiti Eigendur

Eyða stofnhl. < Fyrri Næsta > Staðfesta Til baka

Tegund landeignanda er skilgreind sem og upplýsingar um umráðanda ef þær liggja fyrir á þeim tíma sem skráningin er gerð. Ekki er hægt að afhenda skráningu nema gildi hafi verið valið.

Gott er að yfirfara allar stofnupplýsingarnar á þessum tímapunkti, þ.e. Landeign, Heiti og Eigendur.

Svo er smellt á hnappinn „Staðfesta“.

## 7 Afhending

Þegar skráningu landeignar er lokið og hún hefur verið staðfest þarf að afhenda hana á næsta stað í skráningarferlinu. Ekki er hægt að afhenda skráningu nema að allar viðkomandi landeignir hafi verið opnaðar, stofnupplýsingar þeirra yfirfarnar og smeltt á hnappinn „Staðfesta“ í Eigendaflípanum.

Landeignin er tekin upp í vinnugrunni og smeltt á hnappinn „Afhenda“

Mynd 55 – Afhending landeignar


Mhnr	Notkun/heim	Efi	T	Dags	Br.m²	Skiptitala	% í landeign	Aðf.
01	Sambýlishús	3	M	23/01/1986	792,7	0	100,0000	1

Upp kemur valmyndin „Afhending ganga“ og þar þarf útlista vel hvað fólst í skráningunni. Viðeigandi flokkun er valin → sjá kafla 7.1 og smeltt á hnappinn „Afhenda Gögn“.

Mynd 56 – Afhending gagna

Lnr	Heiti eignar	Tegund	Mhnr	B. stig	Gjaldtaka
146962	Aðalstræti 2	Íbúðarhúsalóð	L	01	7
	Aðalstræti 2	Sambýlishús			

## 7.1 Flokkun

Landeignaskráning fellur undir annan tveggja flokkanna „Nýskráning“ eða „Breytt skráning“. Hvor um sig hefur nokkra undirflokka sem hægt er að sjá með því að smella er á hnappinn  til hliðar við „Flokkun“.

Eftirfarandi undirflokkar eiga við skráningu landeigna:

NYL: Nýskráning lóðar	Á við þegar ný landeign er skráð, hvort sem er við uppskiptingu eða sameiningu. Fleiri breytingar geta átt sér stað samhliða, s.s. breytt heiti, notkun o.fl.  Talað er um nýskráningu þegar stærðarbreyting landeignar er til komin vegna uppskiptingar hennar eða samruna við aðra.
NLM: Nýskráning lóðar og mannvirkis	Sama á við hér og í NYL nema mannvirki eru skráð í sama skrefi.
BSL: Breytt stærð lóðar	Á við þegar stærð landeignar er leiðrétt vegna tilkomu nýrra og nákvæmari gagna um afmörkun hennar.
BHF: Breytt heiti fasteignar	Á við þegar aðeins er átt við staðfangaskráningu á landeign, hvort sem er breyting á heiti, nýjum staðföngum bætt við eða staðföngum fækkað.

## 7.2 Skýring

Mikilvægt er að skrá nákvæmar skýringar á þeirri skráningu sem framkvæmd hefur verið. Eftirfarandi þarf að koma fram:

- Öll landeignarnúmer sem tekin voru til vinnslu í upphafi
- Skráð stærð allra þeirra landeigna sem teknar voru til vinnslu í upphafi
- Upptalning á þeim breytingu sem gerðar voru
- Þau landeignarnúmer sem standa eftir
- Stærð þeirra landeigna sem eftir standa
- Tilfærsla mannvirkja (fasteignarnúmer, matshlutanúmer) ef við á



### 7.3 Hætta við skráningu

Unnt er að hætta við skráningu í vinnugrunni á hvaða tímapunkti sem er með því að smella á hnappinn “Hætta við skráningu”. Breytta skráningin hverfur þá úr vinnugrunni og upphafleg skráning helst óbreytt í fasteignaskrá. Þetta er oft besta leiðin ef mistök eru gerð við skráningu því þá er einfaldlega hægt að byrja uppá nýtt.

Mynd 57 – Hætt við skráningu

Mhltr	Notkun/heiti	Efi	T	Dags.	Br.m <sup>2</sup>	Skiptitala	% í landeign	A.ðf.
01	Sambýlishús	5	M	01/12/1980	1312,6	0	100,0000	1

Sá einn sem stofnaði til skráningarinnar getur hætt við hana (eytt henni). Senda þarf skráninguna í vinnugrunn þess sem stofnaði til hennar áður en hægt er að hætta við hana.

#### 7.4 Misræmisskráning / Eyðing landeignar

Þumalputtareglan er sú að landeign verður ekki til úr engu og hún hverfur aldrei, heldur fellur aðeins inn í aðra. Í undantekningartilfellum þarf þó að eyða landeignum t.d. vegna misræmis í skráningu. Í þessum tilfellum á flokkunin EYL: Eyðing lóðar við. Áður en hægt er að eyða landeign þarf að ganga frá skráningu matshluta þannig að þeir flytjist annað hvort á aðra landeign eða að þeim er eytt líka.

Eyðing lóðar er sjaldgæf niðurstaða í skráningu og er ekki notuð nema að vel athuguðu máli. Skoða þarf öll þinglýst gögn og afmarkanir nærliggjandi landeigna til að tryggja að um misræmi sé að ræða.

#### 7.5 Hætta við skráningu einnar landeignar í hóp.

Því miður er ekki hægt að hætta við hluta hópvinnslu ef landeignarnúmer hennar hefur verið staðfest. Að svo stöddu þarf því að hætta við skráningu hópsins eins og hann leggur sig og byrja upp á nýtt.